

Föstudaginn 22. mars 1985.

Nr. 65/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Má Kjartanssýni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1985, sem barst Hæstarétti 18. s.m. Verður að ætla, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald það, er Má Kjartanssýni, atvinnulausum, til heimilis að Gnoðarvogi 36 hér í borg, fæddum 13. júlí 1950, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 8. mars 1985 og rennur út í dag kl. 17:00, verði framlengt allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00, með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir eru þessir:

Brotist var inn í söluskála Shell, Borgarnesi, aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl. og stolið 200.000,00 kr. í peningum og ávísunum.

Kærði Már var úrskurðaður í gæsluvarðhald 7. mars sl. vegna gruns um aðild að máli þessu, en hann hefur alfarið neitað því, bæði hjá RLR og fyrir dómi.

Í málinu liggur frammi framburður Unnars Sigurðar Hansen, þar sem hann ber að hafa ásamt þeim Má og Magnúsi Einarssyni brotist inn í framangreindan söluskála. Hann kveður þá hafa leigt bílaleigubifreið til fararinnar og skipulagt ferðina á sunnudegi, er þeir Magnús og Anný Margrét Ólafsdóttir heimsóttu Má að Hlaðgerðarkoti. Þeir Magnús hafi síðan sótt Má þangað um nóttina og farið í Borgarnes og brotist inn, svo sem rakið hefur verið. Þeir hafi skipt peningunum, 104.000, á milli sín og hafi 34.-35.000 komið í hlut hvors, en ávísunum um 80.000,- hafi þeir fleygt rétt sunnan við Botnsskála í Hvalfirði. Unnar Sigurður kveður þá hafa skilið Má eftir við Hlaðgerðarkot og þeir farið áfram til Reykjavíkur, Magnús og hann.

Guðni Geir Helgason gaf skýrslu hjá RLR og viðurkenndi að hafa tekið bíl á leigu sunnudaginn 3. mars fyrir Magnús Einarsson. Er bifreiðinni var skilað þriðjudaginn 5. mars hafði henni verið ekið 435 km.

Anný Margrét Ólafsdóttir hefur greint frá því í skýrslu hjá RLR að hafa farið ásamt „Sigga“ og Magnúsi að Hlaðgerðarkoti á sunnudegi og heimsótt Má. Þeir hafi rætt um að leigja bílaleigubifreið til ferðar og henni hafi skilist, að þeir ætluðu að „ræna“ einhverju. Anný kvað þá hafa rætt um að hittast við einhvern afleggjara þá um kvöldið og Már ætlað að hitta þá þar.

Kærði Magnús hefur alfarið neitað að hafa brotist inn í söluskála Shell aðfaranótt 4. mars 1985.

Verulegt misræmi er í framburði kærða og annarra, er skýrslu hafa gefið í málinu.

Kærði hefur greint frá því fyrir dómi, að hann hafi eigi stundað vinnu frá því í apríl í fyrra. Kærði kveðst hafa verið í áfengismedferð tvisvar síðan, frá því eftir áramót í 2 vikur og í fyrra í 5 vikur í júlí og ágúst. Hann hefur síðan þá tvisvar verið úrskurðaður í gæsluvarðhald, í október 1984 vegna gruns um innbrot í útsölu ÁTVR á Akranesi, og síðar á því ári og fram á þetta ár sat hann í sibrotagæslu. Kærði kveðst hafa verið á framfæri félagsmálastofnunar. Kærði hefur enga vinnu stundað og hefur eigi fastan dvalarstað og aflar fjár sér til framfæris með afbrotum.

RLR hefur á þ.á. sent ríkissaksóknara 10 mál, þar sem kærði kemur við sögu. Ein ákæra liggur í sakadómi, dags. 26.02. 1985, þar sem kærði er ákærður fyrir fjársvik, fjárdrátt og skjalafals.

Sakavottorð kærða, dags. 11. mars 1985, liggur frammi í dóminum.

Af ferli kærða er ljóst, að hann er sibrotamaður. Hann hefur á árunum 1966-80 sautján sinnum hlotið dómsafgreiðslu fyrir ýmis afbrot, þar af sex sinnum fyrir hegningarlagabrot.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn á innbrotinu, sem framið var aðfaranótt 4. mars sl., er enn eigi lokið. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Már Kjartansson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Mánudaginn 25. mars 1985.

Nr. 242/1984. **Pétur Einarsson**

(Guðjón Styrkársson hrl.)

gegn

Kristjóni Benediktssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1983 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt 13. nóvember 1984, var ekki sótt þing fyrir áfrýjanda. Stefndi krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og með dómi 14. s.m. var málið fellt niður og áfrýjanda gert að greiða stefnda 15.000,00 krónur í málskostnað. Áfrýjandi skaut málinu í annað sinn til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1984 með heimild í 36. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973. Það mál var þingfest 1. febrúar sl., og varð þá ágreiningur um frestbeiðni áfrýjanda. Gekk úrskurður sama dag, og var frestur veittur til fyrsta þingdags í mars. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða fjárnámserð verði felld úr gildi og að hann verði sýknaður af efniskröfum stefnda,